

## Ársfundur Nýheima þekkingarseturs 10.4.2019

### Skýrsla stjórnar 2018

Árið 2018 var fimmta heila starfsár Nýheima þekkingarseturs. Tólf stofnanir eru aðilar að setrinu en það eru: Skólaskrifstofa Hornafjarðar, Ríki Vatnajökuls, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Náttúrustofa Suðausturlands, Matís, Háskóli Íslands, Vatnajökulspjóðgarður, Háskólafélag Suðurlands og Vöruhúsið.

Í upphafi árs voru þrjú starfsmenn við störf hjá setrinu, Hugufrún Harpa Reynisdóttir forstöðumaður og verkefnastjórnarnir Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir og Kristín Vala Þrastardóttir. Um mitt ár var tekin ákvörðun um að ráða í fjórða stöðugildið til eins árs og í september hóf Sandra Björg Stefánsdóttir störf. Barnalánið hefur verið mikið og fór Guðrún Ásdís í fæðingarorlof í október og Sandra Björg í febrúar síðastliðinn.

Haldnir voru tíu stjórnarfundir auk ársfundar, fundir 90-99. Má sjá fundargerðir þeirra inn á heimasíðu setursins. Auk hinna formlegu stjórnarfunda hefur stjórn setið nokkra vinnufundi þar sem unnið var að og fjallað um hin ýmsu mál, svo sem: endurnýjun samnings við MRN, fimm ára stefnumörkun setursins, málefni hússins og teymi Nýheima svo eitthvað sé nefnt. Fulltrúar húseigenda ásamt forstöðumanni Nýheima hafa einnig fundað reglulega til að ræða ýmis málefni húsnæðisins. Meðal þess sem rætt hefur verið í hópi húseigenda eru merkingar í og á húsnæðinu. Í því samhengi var rætt um þau nöfn sem hafa verið notuð yfir ganga hússins, Frumkvöðlagangur og Háskólagangur, ákveðið var að þegar nýjar merkingar verða gerðar verði þessum heitum breitt og Vesturálma og Austurálma þykja viðeigandi og standast tímans tönn. Eiga þessi nöfn þó enn eftir að setjast og komast í almenna notkun.

Samningur setursins við Mennta- og menningarmálaráðneytið var í lok árs framlengdur með viðauka um ár eða út árið 2019. Staða þessi er sú sama og hjá öðrum þekkingarsetrum og bindur stjórn vonir við að gerður verði nýr langtíma samningur á næstu mánuðum.

Forstöðumaður og formaður stjórnar munu áfram funda með fulltrúum ráðuneytisins eftir þörfum og stjórn vinna að endurnýjun samnings þegar að því kemur.

Stjórn setursins er ánægð með störf starfsmanna þess árið 2018 og óskar þeim alls hins

besta á árinu 2019.

## Starfsskýrsla forstöðumanns

Verkefni setursins voru mörg og margvísleg á árinu, ég mun ekki fjalla ítarlega um hvert þeirra hér heldur aðeins segja lauslega frá helstu og stærstu verkefnum ársins.

Sum verkefna setursins eru orðin hluti af okkar daglega starfi. Það á til dæmis við um verkefni, þjónustu og ráðgjöf sem verkefnastjórar setursins sinna í samræmi við samstarfssamning Nýheima og SASS. Í fjarveru Guðrúnar Ásdísar hefur Kristín Vala sinnt þessum verkefnum en Guðrún er væntanleg aftur til starfa í haust.

Þjónusta við háskólanema á Hornafirði er einnig orðin hluti af daglegu starfi setursins. Felur það í sér að útvega nemum námsaðstöðu í Nýheimum og hafa umsjón með próftöku þeirra. Talsverð umsýsla er í kringum lokapróf háskólanna í lok hvernar annar. Kristín Vala hefur verið tengiliður setursins við nemendur og Háskóla. Þessar vikurnar vinnur setrið svo að því í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð að útfæra námsver í opnu rými í Austurálmú.

Fyrir utan hin daglegu verkefni þá vinnur setrið að hinum ýmsu verkefnum sem eru misjöfn að umfangi og eðli. Oft er um að ræða samstarfsverkefni með öðrum stofnunum en einnig hefur setrið unnið að verkefnum sem kölluð hafa verið kjarnaverkefni. Kjarnaverkefni eru verkefni unnin að frumkvæði og forsjá setursins og skulu þau falla að markmiðum setursins er koma fram í skipulagsskrá.

Í upphafi árs lauk verkefninu *“Loftslag og leiðsögn”* og hefur afurð verkefnisins verið miðlað á síðu Nýheima. Afurðin er fræðsluefni um loftslagsbreytingar fyrir leiðsögufólk og aðra ferðaþjónustuaðila sem starfa við leiðsögn og móttöku ferðafólks á og við Vatnajökul. Verkefnið var unnið í samstarfi við FAS og Vatnajökulspjóðgarð.

Þekkingarsetrið kemur að verkefnastjórnun og framkvæmd verkefnis um sjálfbæra Norræna bæi sem Sveitarfélagið Hornafjörður tekur þátt í. Hugrún Harpa sinnir verkefninu fyrir hönd Nýheima og kemur að skipulagningu og framkvæmd verkþátta þess ásamt starfsfólki sveitarfélagsins.

Viðburðurinn Frístund var haldinn í október, viðburðurinn var styrkur af Sveitarfélaginu Hornafirði en Nýheimar þekkingarsetur sá um skipulagningu hans og framkvæmd. Markmið viðburðarins var að kynna starf sjálfbóðaliða- og félagasamtaka í sveitarfélaginu.

“Nýheimafréttir” er kynningarbæklingur um starfsemi þeirra stofnana sem tengjast Nýheimum. Setrið stóð fyrir útgáfu bæklingins sem var borinn út á öll heimili í sveitarfélaginu.

Styrkjasókn setursins gekk með ágætum á síðasta ári. *Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun* er heiti verkefnis sem er samstarfsverkefni Nýheima þekkingarseturs, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Höfn, Þekkingarnets Þingeyinga á Húsavík og Háskólafélag Suðurlands á Selfossi. Setrin sóttu um styrk fyrir verkefninu á síðasta ári og hlaut verkefnið styrk frá Byggðarannsóknasjóði, Atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Mennta- og menningarmálaráðneytinu. Verkefnið snýr í meginatriðum að því að skerpa sýn á stöðu, hlutverk og árangur þekkingarsetra á landsbyggðinni. Anna Guðrún Edvardsdóttur menntunarfræðingur er rannsakandi verkefnisins.

Þekkingarsetrið var á síðasta ári aðili að tveimur styrkumsóknum til Erasmus+ og hlutu bæði verkefnin styrk:

“*KNOW HUBs – Þekkingarsetur, uppbyggjandi afl í dreifðum byggðum*” er tveggja ára verkefni sem miðar að því að skoða möguleika þekkingarsetra til þess að þróa starfsemi sýna svo þau geti sem best mætt þörfum samfélagsins og einstaklinga á hverjum stað. Markmiðið er að gera þekkingarsetur að vettvangi samfélagsins og uppbyggjandi afls í nærsamfélagi sínu. Verkefnið er til tveggja ára eða frá 2018 – 2020. Samstarfsaðilar Nýheima koma frá Svíþjóð, Danmörku, Rúmeníu, Írlandi, Grikklandi og Spáni. Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn hér á Hornafirði í október.

“*Sustain it*” er einnig tveggja ára verkefni og fjallar það um sjálfbæra ferðapjónustu og menntun til sjálfbærni. Þekkingarnet Þingeyinga stýrir verkefninu en aðrir samstarfsaðilar koma frá Ítalíu, Írlandi, Belgíu, Spáni og, Kýpur. Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn í Brussel í desember. Verkefnið er fyrsta fjölþjóðlega samstarfsverkefni Nýheima og þekkingarnets Þingeyinga eftir að setrin undirrituðu samstarfssamning sín á milli en samningur sá hefur að markmiði að auka samvinnu stofnananna á breiðum grundvelli.

Nýheimar þekkingarsetur er hluti af ráðgjafateymi sem vinnur nú að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand. Verkefnið er unnið fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Setrið hefur það hlutverk að annast samráðshluta verkefnisins, þar með talið framkvæmd viðtala og rýnihópa. Hugrún Harpa og Arndís Lára munu vinna að verkefninu fyrir hönd

setursins.

Nýjasta viðbótin í verkefnaflóru setursins er svo í tengslum við samstarfssamning Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Nýheima þekkingarseturs um aðkomu Nýheima að umsjón með Matarsmiðju. Felur það í sér umsjón með skráningu og samningagerð við notendur, vikulegu eftirliti með þrifum í smiðju og kynningar og markaðsstarf.

Fyrir utan þessi verkefni hefur setrið unnið að ýmsum smærri verkefnum. Sem dæmi má nefna: umsjón með skipulagningu og framkvæmd samráðsfundar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, aðkomu að framkvæmd málþings um ungt fólk og fjölbreytileika sem haldið var hér á Höfn í samstarfi við Vísindafélag Íslendinga og þátttaka í móttöku skólahópa svo eitthvað sé nefnt. Vinna við teymi Nýheima og önnur verkefni sem snúa að stjórnun og daglegum rekstri setursins eru þá ótalin.

Verkefni setursins eru ærin og spennandi viðfangsefni framundan í þeim verkefnum sem hér hefur verið farið yfir. Setrið okkar hefur frá stofnun verið að vaxa með auknum verkefnum og fjölgun starfsfólks. Afar mikilvægt verkefni næstu mánaða er að tryggja, með langtíma samningi við Mennta- og menningarmálaráðneytið, að grundvöllur verði fyrir enn meiri vexti setursins. Eins og kemur fram í skipulagsskrá setursins þá fela markmið setursins í sér áherslu á lífsgæði íbúa og eflingu nærsamfélagsins. Stoðirnar fjórar liggja ávallt til grundvallar í starfi setursins en einnig hefur verið lögð áhersla á víðtækt samfélagslegt hlutverk setursins. Leggur stjórn og starfsfólk áherslu á að setrið búi yfir hæfni og sveigjanleika til að aðlaga sig aðstæðum nærsamfélagsins hverju sinni.

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Forstöðumaður Þekkingarsetursins Nýheima

Kristín Hermannsdóttir

Formaður stjórnar Nýheima